

FRÆDSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 29. SEPTEMBER 2015 Í  
KIRKJUHVOLI - 140 . FUNDUR

MÆTTIR: AUÐBJÖRG B.BJARNADÓTTIR (D), ARNDÍS JÓHANNA HARÐARDÓTTIR (Z), RAKEL PÁLMAÐÓTTIR (D), RAGNHEIÐUR HLÍN SÍMONARDÓTTIR (Ó), SVERRIR GÍSLASON (Ó)

FUNDARGERÐ ER TÖLVUSKRÁÐ OG ER 2 BLS. AÐ LENGD.

Fræðslunefnd - Leikskólinn Kæríbær og Kirkjubæjarskóli á Síðu:  
Kjartan Hjalti Kjartansson, skólastjóri Kirkjubæjarskóla

Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri Heilsuleikskólans Kærabæjar  
Sunneva Kristjánisdóttir fulltrúi foreldra Heilsuleikskólans Kærabæjar

Formaður setur fund klukkan 13.07og býður alla velkomna – síðan er gengið til dagskrár

Kjartan greinir frá því að nýr fulltrúi kennara er Sólveig Ólafsdóttir hún er fjarverandi í dag og í hennar stað er mætt Linda Agnarsdóttir. Fulltrúi foreldra mætti ekki.

**1. Fjárhagsáætlun næsta árs:**

a. Kirkjubæjarskóli

Fjárhagsáætlun rædd - Skólastjóri leggur fram óskir vegna fjárhagsáætlunargerðar. Skólastjóri er búinn að senda athugasemdir til sveitarstjóra um nauðsynlegt viðhald á skólahúsnæði.

b. Leikskólinn Kæríbær

Fjárhagsáætlun rædd – Skólastjóri leggur fram óskir vegna fjárhagsáætlunargerðar. Það vantar aukið fjármagn vegna viðhalds á húsnæði og á lóð. Leikskólastjóri ætlar að skila inn afriti af athugasemdum sem borist hafa frá Heilbrigðiseftirlitinu.

c. Tónlistarskóli

Formanni falið í samvinnu við sveitarstjóra að gera drög að fjárhagsáætlun.

## 2. Þjóðarsáttmáli um læsi

Formaður greinir frá því að á síðasta sveitarstjórnarfundum (17/09 s.l.) kom fram að Skaftárhreppur hefur undirritað þátttöku í þjóðaráttaki um læsi (14/09 s.l.). Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við sveitarfélög og skóla vinnur að Þjóðarsáttmála um læsi með það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun í kjölfar Hvítbókar um umbætur í menntun. Fræðslunefnd fagnar þátttöku í áttakinu.

## 3. Náms- og starfsráðgjafi:

Bréf frá MMR dagsett 15/8 2015

Skv. 3 málsgrein 13. greinar grunnskólalaga eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.

Fræðslunefnd leggur til að Skólaláttgjafastofnun Rangárvalla og Vestur – Skaftafellssýslu verði falið að leysa þá þörf sem er fyrir starfs- og námsráðgjöf í grunnskólum á svæðinu.

## 4. Önnur mál

a. Formaður leggur fram fundarskema vetrarins.

b. Sparkvöllur á grunnskólalóð:

Skólastjóri greinir frá stöðu mála.

c. Leiktæki á leikskólalóð:

Fræðslunefnd þakkar foreldrum leikskólabarna fyrir það framtak og frumkvæði að setja upp nýju leiktækin á lóð leikskólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.49

Fundargerð ritar Rakel Pálmadóttir

Arndís J. Hardardóttir  
Ragnheiða Elín Símonardóttir  
Svan Lárus  
Rakel Pálmadóttir

2/15  
② ASB